

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi, Reykjanesbæ.

Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 17. janúar 2012 samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og orkuvinnslusvæðis á Reykjanesi, Reykjanesbæ.

Breytingin er sett fram á uppdrætti, dags. 1. janúar 2012, í mkv. 1:2000. Greinargerð, þar sem rökstuðningur kemur fram, er á uppdrætti.

Breytingin er vegna byggingar 200 m² vatnstanks sem er ætlaður fyrir Vitabraut 7 á Reykjanesi. Nýtingarhlutfall og skipulagsskilmálar lóðar verða óbreytt.

Málsmeðferð var í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 18. janúar 2012.

Árni Sigfússon bæjarstjóri.